



679. fundur bæjarráðs Hveragerðis
haldinn í fundarsal Sunnumörk 2, fimmtudaginn 20. júlí 2017 kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 12.júlí 2017. - 1707006

Í bréfinu er kynnt fasteignamat fyrir árið 2018. Í Hveragerði hækkar fasteignamat íbúðahúsnæðis um 17,9% og fasteignamat alls húsnæðis um 14,8%.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 12.júlí 2017. - 1707006](#)

2. Bréf frá Sigríði Elísabetu Sigmundsdóttur frá 10.júlí 2017. - 1706048

Í bréfinu óskar bréfitari eftir að leigusamningur sem hún hefur um Tjaldsvæðið í Hveragerði verði færður yfir á Plis ehf.

Bæjarráð samþykkir erindið og að nýr leigusamningur verði gerður.

Fylgigögn:

[Bréf frá Sigríði Elísabetu Sigmundsdóttur frá 10.júlí 2017. - 1706048](#)

3. Bréf frá Bacha Terfasa Dube frá 17.júlí 2017. - 1707007

Í bréfinu óskar bréfitari eftir stöðuleyfi fyrir léttan matarvagn við hliðina á Dalakaffi. Einnig óskar hann efir að fá úthlutað lóð undir 25-50 fm aðstöðuhús á sama stað fyrir árið 2018.

Bæjarráð hafnar erindinu þar sem unnið er að uppbyggingu á svæðinu í samræmðum við gildandi deiliskipulag.

Fylgigögn:

[Bréf frá Bacha Terfasa Dube frá 17.júlí 2017. - 1707007](#)



4. Orteka Partners-framkvæmdir í Ölfusdal. (áður á dagskrá bæjarstjórnar 8.júní 2017). - 1707005

13. júlí barst tölvupóstur frá Orteka Partnes þar sem þeir fara fram á byggingu bráðabirgða þjónustuhúsnaðis á svæðinu og óska eftir áframhaldandi viðræðum um framtíðaruppbyggingu.

Bæjarráð telur að erindið fullnægi ekki þeim skilyrðum sem bæjarstjórn setti á fundi sínum þann 8. júní sl og hafnar því erindinu og lítur svo á að lóðarúthlutun á svæðinu sé afturkölluð.

Fylgigögn:

[Orteka Partners-framkvæmdir í Ölfusdal. \(áður á dagskrá bæjarstjórnar 8.júní 2017\). – 1707005](#)

[Bílastæði og þjónustuhús Ölfusdal - 1707005](#)

5. Bréf frá Elínu Káradóttur og Sigurði Vilberg Svavarssyni frá 18.júlí 2017. - 1707008

Í bréfinu óska bréfritarar, sem eru lóðarhafar að Hraunbæ 1, eftir stækkun á lóð sinni til austurs að möninni við lóðarmörkin á Hótel Örk.

Erindinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Elínu Káradóttur og Sigurði Vilberg Svavarssyni frá 18.júlí 2017. - 1707008](#)

[Bréf frá Elínu Káradóttur og Sigurði Vilberg Svavarssyni frá 18.júlí 2017. - 1707008](#)

6. Fundargerð Fasteignafélags Hveragerðis frá 6.júlí 2017. - 1707003

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fylgigögn:

[Fundargerð Fasteignafélags Hveragerðis frá 6.júlí 2017. - 1707003](#)

7. Verkfundargerð "Hjallabrún" frá 5.júlí 2017. - 1707002

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fylgigögn:

[Verkfundargerð "Hjallabrún" frá 5.júlí 2017. - 1707002](#)

8. Verkfundargerð "Hjallabrún" frá 18.júlí 2017. - 1707009

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fylgigögn:

[Verkfundargerð "Hjallabrún" frá 18.júlí 2017. - 1707009](#)

9. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30.júní 2017. - 1707004

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30.júní 2017. - 1707004](#)



Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. -1:-1

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)